



Ályktanir aðalfundar Umhverfisstofnunarinnar við Hvalfjörð 2018

Umhverfisráðherra

1. Aðalfundur Umhverfisstofnunarinnar við Hvalfjörð, haldinn í Garðakaffi á Akranesi 25. febrúar 2018, skorar á umhverfisráðherra að beita sér fyrir því að aðskilin verði framkvæmd umhverfisvöktunar vegna mengandi iðjuvera á Íslandi og greiðsla fyrir umhverfisvöktunina.

Umhverfisstofnunin við Hvalfjörð telur að það fyrirkomulag sem notað hefur verið, samræmist hvorki meginmarkmiðum löggjafar um umhverfis- og náttúruvernd né tilgangi og markmiðum Umhverfisstofnunar, sem er að vernda náttúru og lífríki Íslands.

Landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra

2. Aðalfundur Umhverfisstofnunarinnar við Hvalfjörð, haldinn í Garðakaffi á Akranesi 25. febrúar 2018, skorar á landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra að gangast fyrir grunnrannsóknnum á þoli íslensks búfjár gagnvart flúori í fóðri og drykkjarvatni og áhrifum langtíma flúorálags á heilsu íslensks búfjár, með áherslu á hross, nautgripi og sauðfé.

Sameignarfélagið Faxaflóahafnir

3. Aðalfundur Umhverfisstofnunarinnar við Hvalfjörð, haldinn í Garðakaffi á Akranesi 25. febrúar 2018 skorar á sameignarfélagið Faxaflóahafnir að
 - a. leggja nú þegar niður allar hugmyndir um að koma fyrir fleiri iðjuverum á Grundartanga,
 - b. hætta að reka þann áróður að stóriðja geti verið skaðlaus fyrir umhverfið,
 - c. beina kröftum sínum að því að lágmarka skaðsemi vegna iðjuveranna sem þegar eru á Grundartanga með strangari kröfum um hreinsibúnað og meiri og markvissari mælingum á útsleppi mengandi efna. Sérstaklega er minnt á skort á loftgæðamælingum norðvestan við iðjuverin og sunnan Hvalfjarðar.

Stjórnmalaflokkar á Akranesi

4. Aðalfundur Umhverfisstofnunarinnar við Hvalfjörð, haldinn í Garðakaffi á Akranesi 25. febrúar 2018 skorar á stjórnmalaflokka á Akranesi að leggja fremur metnað sinn

í að efla atvinnulíf innan marka kaupstaðarins, en að stuðla að mengandi stóriðju í öðru sveitarfélagi enda koma neikvæð áhrif hins óhreina iðnaðar fram þar. Hér er átt við mengandi iðjuver á Grundartanga og áhrif þeirra á Hvalfjörð allan.

Stjórnmalaflokkar í Reykjavík

5. Aðalfundur Umhverfisstofnunarinnar við Hvalfjörð, haldinn í Garðakaffi á Akranesi 25. febrúar 2018 skorar á stjórnmalaflokka í Reykjavík að leggja fremur metnað sinn í að efla atvinnulíf innan marka borgarinnar, en að stuðla að mengandi stóriðju í öðru sveitarfélagi enda koma neikvæð áhrif hins óhreina iðnaðar fram þar. Hér er átt við iðjuver á Grundartanga og áhrif þeirra á Hvalfjörð allan.

Umhverfisstofnun

6. Aðalfundur Umhverfisstofnunarinnar við Hvalfjörð, haldinn í Garðakaffi á Akranesi 25. febrúar 2018 skorar á Umhverfisstofnun að koma fyrir loftgæðamælistöð vegna flúors og brennisteins norð-vestan við iðjuverin á Grundartanga og staðsetja mælistöðina utan marka þynningarsvæðis fyrir flúor. Jafnframt skorar Umhverfisstofnun á Umhverfisstofnun að setja þar upp veftengdan sírita loftgæða fyrir almenning og vefmyndavél fyrir Umhverfisstofnun sem beint er yfir verksmiðjussvæðið þannig að starfsmenn UST geti séð hvað um er að vera á svæðinu og til dæmis fylgst með svokölluðum „neyðarútsleppum“ frá Elkem.
7. Aðalfundur Umhverfisstofnunarinnar við Hvalfjörð, haldinn í Garðakaffi á Akranesi 25. febrúar 2018 skorar á Umhverfisstofnun að banna Elkem Íslandi nú þegar svokallað „neyðalosun“ mengandi efna sem birtist í þykkum reykjarmekki sem leggt yfir nærliggjandi byggðir og ból. Að iðjuverið skuli komast upp með að nota skilgreininguna „neyðarlosun“ lýsir því á dapurlegan hátt hversu frjálssar hendur iðjuverið hefur haft.

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar

8. Aðalfundur Umhverfisstofnunarinnar við Hvalfjörð, haldinn í Garðakaffi á Akranesi 25. febrúar 2018, skorar á sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar að láta ekki deigan síga gagnvart Umhverfisstofnun varðandi loftgæðamælistöð norð-vestur af Grundartanga. Afar mikilvægt er að haldið sé áfram loftgæðamælingum vegna flúors og brennisteins þar sem hæstu gildin hafa mælst.

9. Aðalfundur Umhverfismarkaðarinnar við Hvalfjörð, haldinn í Garðakaffi á Akranesi 25. febrúar 2018 skorar á sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar að endurskilgreina allt það svokallaða iðnaðarsvæði sem skilgreint var sem slíkt af Hvalfjarðarsveit vegna fyrirhugaðrar byggingar verksmiðju Silicor Materials og breyta því úr iðnaðarsvæði í athafnasvæði eins og það var áður.

Elkem Ísland ehf.

10. Aðalfundur Umhverfismarkaðarinnar við Hvalfjörð, haldinn í Garðakaffi á Akranesi 25. febrúar 2018 skorar á forsvarsmenn Elkem Ísland ehf. að láta þegar af útsleppi mengandi efna sem birtist í þykkum reykjarmekki sem leggt yfir nærliggjandi byggðir og ból. Að kalla slíkt fyrirbæri „neyðarlosun“ lýsir á dapurlegan hátt afstöðu iðjuversins til nágranna sinna.